

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið 1. ágúst til 31. október 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið 1. ágúst til 31. október 1976:

Spærlingsmjöl, § 6.10 á próteineiningu í lest.

Kolmunnamjöl, § 6.10 á próteineiningu í lest.

Verðbil verði 5%, miðað við verðhækkun eingöngu.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, § 1 = 184.40.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. ágúst 1976.

F. h. r.

Dórður Ásgeirsson.

Guðjón Smári Agnarsson.

REGLUGERÐ

um laun innheimtumanna ríkissjóðs fyrir innheimtu.

1. gr.

Sýslumenn, bæjarfógetar, lögreglustjórar og yfirsakadómariinn, yfirborgardómariinn, yfirborgarfógetinn og tollstjórinn í Reykjavík skulu hljóta laun vegna innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Skulu innheimtulaun greidd vegna innheimtu ríkissjóðstekna. Þó skulu ekki greidd laun skv. reglugerð þessari vegna innheimtu aðflutningsgjalda, bensíngjalds, gúmmígjalds, gjalds skv. l. nr. 6/1976 eða innflutningsgjalds af bifreiðum og bifhjólum.

Þá skulu og greidd innheimtulaun skv. reglugerð þessari vegna innheimtu gjalda er innheimtumenn ríkissjóðs innheimta skv. embættisskyldu fyrir aðra aðila en ríkissjóð sbr. þó 11. gr. l. nr. 57/1949.

2. gr.

Laun innheimtumanna skulu reiknuð sérstaklega fyrir hvern eftirtalinna flokka innheimtra gjalda.

- a) Tekju- og eignarskatt
- b) Söluskatt
- c) Aðrar ríkissjóðstekjur, sbr. þó 2. málslíð 2. mgr. 1. gr.
- d) Gjöld, er innheimtumenn ríkissjóðs innheimta fyrir aðra aðila.

3. gr.

Laun innheimtumanna skulu annars vegar vera háð þeim fjárhæðum, sem til innheimtu eru árlega hjá hverjum innheimtumanni, en hins vegar skulu þau vera háð innheimtuhlutfalli.

Skulu launin ákvarðast þannig fyrir hvern gjaldaflokk, er getur í 2. gr.

- Fyrst er tekin lágmarksbóknun sbr. 4. gr.
- Við lágmarksbóknun skv. a-lið er bætt upphæð, sem háð er upphæð þeirri, sem til innheimtu er, þannig að fyrst er bætt 264 millj. kr. við þá upphæð, sem til innheimtu er og þeirri útkomu deilt upp í þá upphæð, er til innheimtu er, margfaldaðri með 594 þús. kr.
- Sú bóknun, sem fæst út skv. liðum a) og b) miðast við 100% innheimtuhlutfall. Þessi bóknun skerðist síðan jafnt og þétt við lækkaði innheimtuhlutfall uns engin bóknun er greidd þegar innheimtuhlutfall hefur náð því lágmarki, sem getið er í 4. gr.

Nánar tiltekið reiknast bóknun P (í þús.kr.) skv. jöfnunni

$$P = \frac{P \div PL}{100 \div PL} \cdot (PL + 594 \cdot \frac{U}{U + 264})$$

Þar sem PL er lágmarksinnheimtuhlutfall (í prós.) skv. 4. gr. og PL er þóknunarlægmark (í þús.kr.) skv. 4. gr. en P er innheimtuhlutfall (í prós.) og U er upphæð til innheimtu (í millj.kr.).

Sé innheimtuhlutfallið P jafnt eða lægra en lágmarksinnheimtuhlutfall PL skal þó ekki greidd bóknun.

4. gr.

Lágmarksinnheimtuhlutfall PL og þóknunarlægmark PL skal vera sem hér segir:

	PL (í prós.)	PL (í þús.kr.)
Fyrir tekju- og eignarskatt	60	92
Fyrir söluskatt	93	66
Fyrir aðrar ríkissjóðstekjur	75	59
Fyrir gjöld, er innheimtumenn ríkissjóðs innheimta fyrir aðra	60	3.3

5. gr.

Upphæðirnar „264 millj. kr.“ og „594 þús. kr.“ í b-lið 2. mgr. 3. gr., tölurnar „594“ og „264“ í greiðslujöfnunni í 3. mgr. 3. gr. og þóknunarlægmarkið PL í 4. gr., skulu árlega breytast í sama hlutfalli og laun í efsta þrepi launaflokks sýslumanna og bæjarfógeta breytast árlega.

Skal miða við laun 1. janúar 1976 sem grunntölu. Skal síðan miða stærðir þær, er breytast skulu skv. 1. gr., við laun 1. janúar það ár, er innheimtan fer fram á.

6. gr.

Fari samanlagðar aukatekjur innheimtumanns fyrir innheimtu á uppboðskröfum, vegna starfa í umboði Tryggingastofnunar ríkisins, starfa í þágu sýslusam-laga og starfa við umsjón með sýslu- og sýsluvegasjóðum á einu ári fram úr 50% af árslaunum skv. efsta þrepi launaflokks sýslumanna og bæjarfógeta skulu heildarlaun það ár fyrir innheimtu skv. 2.—5. gr. reglugerðar þessarar skerðast um upphæð er því svarar.

Skal miða við laun það ár, er störfín eru framkvæmd.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 25. gr. laga nr. 92 24. desember 1955, sbr. lög nr. 84 31. maí 1976 öðlast þegar gildi og koma ákvæði hennar til framkvæmda frá og með 1. janúar 1977.

Fyrir innheimtu á árinu 1976 skulu innheimtulaun greidd eftir þeim reglum, sem gilt hafa hingað til sbr. lokamálsgrein 25. gr. laga nr. 92/1955 eins og hún var áður en henni var breytt með lögum nr. 84/1976.

Þrátt fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skal engin innheimtumanna ríkis-sjóðs missa meira en helming þeirra innheimtulauna, er hann hefði haft skv. eldri reglum vegna innheimtu á árinu 1977.

Fjármálaráðuneytið, 16. ágúst 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Dorsteinn Geirsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skráningu sérlyfja nr. 48 20. maí 1964.

1. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald að upphæð kr. 10 000.00 og er gjaldið óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

Þegar sótt er um önnur form eða breytingar á áður skráðum sérlyfjum, skal rita nýja umsókn, og er skráningargjald þá kr. 5 000.00.

Þegar sótt er að nýju um skráningu sérlyfs, sem áður hefur verið hafnað, skal greiða skráningargjald að upphæð kr. 5 000.00 og er gjaldið óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

2. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af hverju formi sérlyfs, sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða árlegt gjald að upphæð kr. 5 000.00, er greiðist sérlyfjasjóði fyrir 1. mars ár hvert.

3. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ef tvö eða fleiri form sama sérlyfs innihalda mismunandi efni eða mismunandi mikið af sömu efnum, skal greiða árgjald sem um tvö eða fleiri form væri að ræða.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu skráningargjalds og árgjalds ef sérstakar ástæður mæla með. Umsóknir um slíkar undanþágur sendist ráðuneytinu.

4. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjöld samkvæmt 7. og 8. gr. renna í sérlyfjasjóð samkvæmt 62. gr. lyfsölulaga. Skal þeim skipt þannig að skráningargjöld samkvæmt 7. gr. verði notuð til að standa straum af kostnaði við störf lyfjanefndar en árgjöld samkvæmt 8. gr. til að standa straum af kostnaði við Lyfjaeftirlit ríkisins.